

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. nóvember 2009 02-2009110057
T-ums 40/09

Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja - 4. mál, þskj. 4.

Ríkisskattstjóri hefur þann 5. nóvember 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja - 4. mál, þskj. 4.


Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármálaráðherra að framkvæma nauðsynlegar afskriftir af lánum til íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja og að afskriftirnar nemi a.m.k. 20% af höfuðstól láns.


Tillagan er samhljóða tillögu sem lögð var fram á síðasta löggjafarþingi. Af því tilefni skilaði ríkisskattstjóri umsögn dags. 18. júní 2009 þar sem segir:

„Það er mat ríkisskattstjóra að gæta verði vel að jafnræðis- og samræmissjónarmiðum þegar meta á hvort sú leið sem lögð er til í tillögunni sé raunhæf. Þá leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á að tekjuhugtak laga nr. 90/2003 er afar viðtækt og er meginreglan sú að greiða skuli tekjuskatt af öllum tekjum. Í 3. tölul. 28. gr. laganna er að finna undantekningu frá þessari meginreglu þar sem fram kemur að eignaúki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamning eða nauðasamning um greiðsluadlögun sbr. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., teljist ekki til skattskyldra tekna. Undantekningu þessa ber að skýra í samræmi við orðanna hljóðan. Að óbreyttum lögum yrði afskrift skulda eins og lagt er til með tillögu þeirri sem hér er til umsagnar leiða til þess að skattskyldar tekjur myndist hjá þeim sem slíkra afskrifta njóta.“

Ríkisskattstjóri áréttar áður fram komna umsögn sína og telur ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst


Skúli Eggertsson


Guðrun J. Jónsdóttir